

SAMTAL - DIALOGUE er opunarsýning í sýningarsal nýbyggingar Vigdísarstofnunar
- alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Í sýningunni er fjallað í máli og myndum um störf og hugðarefni Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands. Sagt er frá námsárum Vigdísar erlendis og starfi hennar sem frönskukennari, leiðsögumaður og síðar leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1972-1980. Gerð er grein fyrir fjölbreyttu hlutverki hennar sem forseta árin 1980-1996 og öllu því góða starfi sem hún hefur unnið eftir að forsetatíð lauk, m.a. sem heiðurssendiherra tungumála á vegum UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og sem verndari Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Í sýningunni fáum við jafnframt innsýn í hugðarefni Vigdísar, nokkrar uppáhalds bækur, tilvitnanir og kvæði og getum fylgst með vexti Vinaskógar í Þingvallalþjóðgarði, sem stofnaður var henni til heiðurs. Gestir eru hvattir til að taka beinan þátt í samtalinu við Vigdísu, setjast á bláu leikhússtólana og hugleiða hugtök eins og heiðarleiki, mannréttindi, þekking, jafnrétti, framfarir, víðsýni og menntun.

Sýningarstjórn / hönnun: Þórunn S. Þorgrímsdóttir; Ritstjórn / höfundur sýningartexta: Bryndís Sverrisdóttir; Grafísk hönnun: Salbjörg R. Jónsdóttir; Lýsingarhönnun: Páll Ragnarsson. Þýðing: Anna Yeats; Myndvinnsla / öflun myndefnis: Valgerður Jónasdóttir; Videomynd úr Vinaskógi: Nanna H. Grettisdóttir; Úr kvikmyndinni Ljós heimsins: Ragnar Halldórsson; Andlitsmynd af Vigdísu Finnbogadóttur: Nanna Bisp Burchert; Tungumálakort: Andrew Caines; Sýningin er unnin í samráði við Auði Hauksdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ástríði Magnúsdóttur.

VIGDÍSARSTOFA er rými sérstaklega tileinkað forsetakosningu Vigdísar Finnbogadóttur, sem var kjörin fjórði forseti Íslands þann 29. júní 1980. Í stofnunni, sem er björt með stórum gluggum og jafnframt opin inn að miðju hússins, geta gestir notið hvíldar í önnum dagsins. Þaðan er gengið út á góðar suðursvalir með útsýni til suðurs yfir torgið.

Sumarmorguninn fagra er ljóst var að Vigdís hafði náð kjöri, safnaðist mikill mannfjöldi saman framan við hús hennar á Aragötu. Kom hún þá fram á svalir hússins ásamt Ástríði dóttur sinni og var fagnað innilega. Sögulegt kjör hennar vakti heimsathygli, því aldrei í veröldinni hafði kona fyrr verið kjörin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.

Í textabrotum á vegg og í kvikmyndinni „Ertu tilbúin frú forseti?“ er vitnað til þess breiða hóps er studdi framboð hennar og til orða Vigdísar, sem sjálf lagði alltaf áherslu á að fólk ætti ekki að kjósa hana af því að hún væri kona, heldur vegna þess að hún væri maður, „... því konur eru líka menn“. Í Vigdísarstofu mun vefurinn www.vigdis.is verða opinn gestum, sem vitnisburður um fjölbreytt störf Vigdísar í þágu tungumála og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.